

LOF og stefnumörkun FJS

Ingpór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri



Erindi

- Stefna Fjársýslunnar og helstu áherslupættir
- Lög nr. 123/2015 um opinber fjármál
- Dagurinn framundan

STEFNUMÖRKUN FJS 2017-2020



Stefnumörkun Fjársýslunnar 2017-2020

- Unnið á haustmánuðum 2016
- Stjórnendur og starfsmenn með aðstoð ráðgjafa
- Tekur mið af breyttum kröfum í LOF
- Aukið hlutverk FJS
- Framtíðarsýn, hlutverk, gildi og áherslur

Hvað erum við og hvert stefnum við

- Framtíðarsýn
 - Fjársýslan er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu og góða þekkingu á sviði umsýslu opinberra fjármála
- Hlutverk
 - Fjársýslan er þjónustu- og þekkingarstofnun á sviði opinberra fjármála. Stofnunin veitir fjármálatengda þjónustu til ríkissjóðs og ríkisaðila og annast umsýslu fjármuna. Þá hefur hún yfirumsjón með bókhaldi og uppgjörum ríkissjóðs og tryggir tímanlegar og áreiðanlegar upplýsingar um fjármál ríkisins

Gildin okkar



Þekking


Við erum framsækin og fylgjumst með straumum og stefnum í opinberum fjármálum. Við hikum ekki við að deila **þekkingu** með öðrum og innleiða nýjungar inn í okkar verklag.

Áreiðanleiki

Við ávinnum okkur traust með því að viðhalda **áreiðanlegum** vinnubrögðum. Þá viljum við vera góð fyrirmynd annarra stofnana þegar kemur að opinberri fjársýslu.

Þjónusta

Við leitum stöðugt leiða til að veita skilvirka, hraða og örugga **þjónustu**. Þannig byggjum við upp þjónustumenningu sem uppfyllir þarfir viðskiptavina okkar.



Verklagið

Við rýnum vinnubrögð okkar og berum kennsl á tækifæri til þess að gera betur. Helstu ferlar í daglegri starfsemi eru kortlagðir og skráðir og umbætur eru gerðar á starfseminni þegar tilefni er til og byggja á reglulegri yfirferð verkferla.

- Ferlar
- Eftirlit
- Umbætur

Verkfærin

Við horfum til þess að hafa rétt verkfæri, þróa upplýsingakerfi í takti við þarfir notenda og auka samræmi á milli ólíkra kerfa. Þá eru uppi auknar kröfur um sjálfvirkni í ferlum og í þjónustu almennt.

- Þróun
- Skilvirkni
- Fræðsla

Viðskiptavinir

Við ætlum að veita vandaða og vel skilgreinda þjónustu með sjálfsafgreiðslu sem fyrsta valkost. Auknar kröfur eru gerðar um aðgengi að upplýsingum um ríkisreksturinn og við munum leggja okkar af mörkum til að mæta þeim.

- Samræmi
- Sjálfvirkni
- Upplýsingagjöf

Við

Við leggjum áherslu á að Fjársýslan sé eftirsóknarverður vinnustaður fyrir öflugt og metnaðarfullt fólk. Lögð er áhersla á jafnrétti, liðsheild, starfsánægju, gagnkvæma virðingu og gott starfsumhverfi.

- Jafnrétti
- Starfsánægja
- Þekkingaröflun

Áherslur

Fjársýslan hefur skilgreint fjórar áherslur til ársins 2020 og undir hverri eru þrjár áhersluþættir.

Helstu verkefni

- Innleiðing LOF
- Kortlagning og rýning ferla
- Áhættugreining og innra eftirlit
- Þróun upplýsingakerfa
- Þjónustusamningar við stofnanir
- Aukin sjálfvirkni og sjálfsafgreiðsla
- Bætt framsetning og aðgengi að upplýsingum um ríkisreksturinn

LOF – ÁHRIF



Löggjöf


- Ný lög um opinber fjármál (LOF) nr. 123/2015 tóku gildi 1. janúar 2016
 - Leysa af hólmi eldri lög um fjárreiður ríkisins nr. 88/1997
- Veruleg breyting á umgjörð um opinber fjármál
 - Heildarumgjörð
 - Fjármálareglur
 - Langtímaáætlun
 - Breytt fjárlagagerð
 - Breyting á reikningsskilaaðferðum
- Áhrif á reikningsskil eru frá 1. janúar 2017 vegna bráðabirgðaákvæðis sem frestar áhrifum laganna á reikningsskil áráanna 2015 og 2016 sem verða með óbreyttu sniði

Markmið laganna


- Ný hugsun – nýtt verklag
 - Langtímahugsun í áætlanagerð
 - Bætt yfirsýn Alþingis
 - Markvissari stjórnun og eftirlit
 - Bætt yfirsýn og árangur
- Fjármálastefna
- Fjármálaáætlun
- Fjárlög

Breytt framsetning fjárlaga

- Fjárlög
 - Málefнасvið
 - Málaflokkar
 - Alþingi samþykkir fjárheimildir
- Fylgirit með fjárlögum
 - Fjárveitingar til stofnana og verkefna
 - Útfært af ráðuneytum
 - Kynnt fyrir Alþingi



Samræmd áætlanagerð



Innleiðingarferli

5-10 ár

Reikningshald - breytingar vegna LOF

- Mikill undirbúningur hefur þegar átt sér stað
- Unnið að útfærslu á ýmsum þáttum
- Einfaldar leiðir eins og kostur er
- Innleiðingartímabil og forgangsröðun
- Svör við spurningum og ákvarðanataka

Fjárreiðulög nr. 88/1997

- Um bókhald ríkisaðila gilda lög um bókhald og lög um ársreikninga sé ekki sérstaklega getið um annað
- Helstu frávík
 - Varanlegir rekstrarfjármunir og óefnislegar eignir færðar til gjalda þegar stofnað er til skuldbindingar
 - Áhrif verðlags- og gengisbreytinga færð á endurmatsreikning meðal eigin fjár
 - Skuldbinding vegna áfallins orlofs og fleiri þátta utan efnahags
 - Eignarhlutir færðir á kostnaðarverði en ekki samkvæmt hlutdeildaraðferð

Lög um opinber fjármál nr. 123/2015

- V. Kafli – Reikningskil og skýrslugerð
 - Skýrslur og upplýsingar greinargóðar, áreiðanlegar og tímanlegar
 - Flokkun á starfsemi og verkefnum ríkisins
 - Skilgreining og flokkun tekna samkvæmt alþjóðlegum hagskýrslustaðli
 - Reikningskil fyrir A-hluta ríkissjóðs á grundvelli alþjóðlegra reikningskilastaðla
 - Reikningskil einstaka ríkisaðila samkvæmt lögum um ársreikninga
 - Reikningsár ríkisaðila skal vera almanaksárið

Breytt reikningsskil

- Meðhöndlun og framsetning tekna
- Veruleg breyting á efnahagsreikningi
 - Meðferð varanlegra rekstrarfjármuna
 - Skuldbindingar inn í efnahag
 - Meðferð eignarhluta í félögum
- Samstæðuuppgjör
- Breytt meðhöndlun verðbóta og gengismunar
- Reikningsskil falla að viðurkenndum alþjóðlegum skilgreiningum

Meðferð tekna

- Markaðar tekjur færast beint hjá ríkissjóði en ekki tilteknum stofnunum
- Rekstrartekjur stofnana í A-hluta færast í samstæðu sem hluti af tekjum en ekki til lækkunar gjalda
- Nettófærslur á einhverjum þáttum
 - Afskriftir skattkrafna koma til lækkunar á skatttekjum
 - Greiddur fjármagnstekjuskattur ríkissjóðs kemur til lækkunar á bókfærðum tekjum ríkissjóðs af skattinum
- Allar vaxtatekjur renna í ríkissjóð nema sérlög kveði á um annað
- Aðrar rekstrartekjur skiptist upp og færast annað hvort með skatttekjum eða með rekstrartekjum stofnana

Samstæðuuppgjör

- Samstæðuuppgjör krefst þess að innbyrðisviðskiptum innan A-hluta verði eytt út þegar samstæða er tekin saman
- Unnið er að því að tryggja merkingu slíkra tekna þannig að hægt verði á einfaldan hátt að keyra út þessar færslur fyrir samstæðuuppgjör
- Reynt að tryggja lágmarksáhrif á stofnanir
- Staða á þessu verður kynnt síðar í dag

Stofnefnahagsreikningur

- FJS og FJR munu í samráði við stofnanir útbúa stofnefnahagsreikninga þeirra sem taka gildi frá 1.1.2017
- Breyting frá árslokum 2016 í stofnefnahag 2017 þarf formlega afgreiðslu – unnið er að útfærslu
- Breytingar munu koma inn yfir innleiðingartíma

Skýrslur og reikningar – útlit og framsetning

- Ríkisreikningur mun breytast töluvert
- Lagt upp með að reikningar stofnana verði að grunni til með sama formi og ríkisreikningur
- Mánaðaryfirlit og ársfjórðungsyfirlit mikið breytt
 - Mánaðaryfirlit verða birt á vefsíðu FJS
 - Áhersla á heildina - niður á málefnasvið og málaflokka
- Stefnt að því að yfirlit innan ársins verði á rekstrargrunni

Aðrir þættir

- Útfærsla í vinnslu
 - Breytingar á lögum um markaða tekjustofna
 - Formleg samþykkt Alþingis á stofnefnahagsreikningum
 - Eiginfjárbættir s.s. bundið eigið fé
- Innleiðingartími 2017-2019
 - Reynt að koma sem flestu er snýr að stofnunum inn 2017
 - Eignamat á ákveðnum eignaflokkum
 - Yfirferð yfir skuldbindingar

Stjórn innleiðingar

- Leitt af fjármála- og efnahagsráðuneyti
- Breytingar á reikningshaldi á ábyrgð FJS
- Reikningsskilaráð
 - Gunnar H. Hall, formaður
 - Ingbór Karl Eiríksson, fjársýslustjóri
 - Ólafur Hjálmarsson, hagstofustjóri
 - Sveinn Arason, Ríkisendurskoðandi
 - Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, löggiltur endurskoðandi hjá Deloitte
 - Margrét Björk Svavarsdóttir, sérfræðingur í fjármála- og efnahagsráðuneyti

Dagurinn í dag og næstu skref

- Mörg verkefni í gangi og framundan
 - Ríkisreikningur 2016
 - Stofnefnahagsreikningar
- Mikilvægt að við eigum gott samstarf
- Fyrirlesarar frá FJS, FJR, ANR og Ríkisendurskoðun
- Tækifæri til að kynnast betur og ræða málin í hléum
- Endilega sendið okkur fyrirspurnir og athugasemdir